

FRÁSÖGN

af janúarfundum Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 23.–24. janúar 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn þau Oddný Harðardóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Anna Kolbrún Árnadóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir, Ólafur Ísleifsson og Vilhjálmur Árnason, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Fundurinn fór fram í sænska þinginu í Stokkhólmi. Í tengslum við fundinn var einnig haldið málþing um stafræna þróun.

Á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs 25. janúar var rætt um fjárhagsáætlun og áherslur í norrænu samstarfi fyrir árið 2019. Margot Wallström, utanríkisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda í Svíþjóð, og Dagfinn Høybråten, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, komu á fund forsætisnefndar til að ræða þessi mál. Fram kom í máli Høybrátens að fjárveitingar til norræns samstarfs hefðu verið skornar niður á árunum 2014–2016 en síðan þá hefðu þær verið óbreyttar. Wallström sagði að samstaða væri meðal samstarfsráðherra Norðurlanda um að halda þeim áfram óbreyttum árið 2019. Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, tók til máls sem fulltrúi flokkahóps jafnaðarmanna og lýsti áhyggjum af því að fjárveitingar til norræns samstarfs hefðu dregist saman sem hlutfall af landsframleiðslu á síðustu árum. Hún lagði einnig áherslu á að séð yrði til þess að tillögur sem Norðurlandaráð samþykkti yrðu fjármagnaðar og að barátta gegn kynbundnu ofbeldi yrði framvegis í forgangi í norrænu samstarfi í ljósi metoo-byltingarinnar.

Einnig var í þessu sambandi rætt um fyrirhugaðar breytingar á framlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til rannsókna. Ráðgert er að skera niður í áföngum fasta árlega styrki til fjögurra rannsóknastofnana sem hafa verið starfandi áratugum saman, þar á meðal Norrænu eldfjallastöðvarinnar á Íslandi. Hinar þrjár stofnanirnar eru Norræna kjarneðlisfræðistofnunin í Stokkhólmi, Norræna sjóréttarstofnunin í Osló og Norræna stofnunin um Asíurannsóknir í Kaupmannahöfn. Fjármagninu verður í staðinn úthlutað í formi verkefnastyrkja sem hægt verður að sækja um frá norrænu stofnuninni Nordforsk í Noregi. Sænski þingmaðurinn Hans Wallmark, lýsti áhyggjum af þessari ákvörðun og Michael Tetzschner, forseti Norðurlandaráðs, tók undir þær. Þeir sitja báðir í flokkahópi hægrimanna í Norðurlandaráði. Tveir danskir þingmenn úr öðrum flokkahópum, Christian Juhl úr flokkahópi norrænna vinstri grænna og Bertel Haarder úr flokkahópi miðjumanna, töldu einnig að kanna þyrfti málið betur. Haarder mælti með því að eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs yrði falið að athuga rannsóknastofnanirnar fjórar og einnig Nordforsk og jafnvel fleiri þætti í rannsóknasamstarfi Norðurlanda. Tillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um niðurskurð fjárframlaga til stofnananna fjögurra var samþykkt á fundi þekkingar- og menningarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi en hún verður einnig tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu á vorþingi Norðurlandaráðs sem haldið verður á Akureyri í apríl.

Á fundi forsætisnefndar var töluvert rætt um skipulag funda Norðurlandaráðs. Fundirnir eru haldnir til skiptis í norrænu löndunum, þ.m.t. á Grænlandi, Álandseyjum og Færeyjum. Að jafnaði eru stærri fundir ráðsins haldnir í höfuðborgum. Skrifstofa Norðurlandaráðs hafði tekið saman tillögur að ýmsum breytingum á skipulaginu, m.a. í því skyni að draga úr kostnaði við framkvæmdina, ekki síst vegna þess að óskir um túlkun og kostnaður sem henni fylgir hafa aukist á síðustu árum. Skiptar skoðanir voru um það hvort setja ætti fastar reglur um það að halda

ætti alla stærri fundi í höfuðborgum til að draga úr kostnaði og ferðatíma þingmanna og jafnframt um tillögu um að halda alltaf janúarfundi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn á skrifstofu Norðurlandaráðs. Jafnframt mótmæltu sumir hugmyndum um að fækka árlegum fundum ráðsins um einn.

Skrifstofa Norðurlandaráðs kynnti einnig á fundinum ýmsa valkosti varðandi skilgreiningu á stöðu tungumála í norrænu samstarfi í tengslum við sameiginlega tillögu Finna og Íslendinga um að gera finnsku og íslensku að vinnutungumálum í Norðurlandaráði til jafns við skandinavísku málin. Sú tillaga var lögð fram árið 2016 og hefur síðan ítrekað verið rædd og skoðuð á vettvangi ráðsins. Í minnisblaði skrifstofu Norðurlandaráðs var m.a. bent á þann möguleika að skilgreina skandinavísku málin áfram sem vinnutungumál en að finnska og íslenska teldust ásamt skandinavísku málunum vera opinber tungumál samstarfsins. Einnig var nefndur sá möguleiki að allir þingmenn fengju að tala og skrifa á eigin tungumáli en að allt efni yrði aðeins túlkað og þýtt á ensku. Finnski þingmaðurinn Erkki Tuomioja benti á að enn væri ekki búið að greina nákvæmlega hvaða afleiðingar það hefði og hvað þyrfti að gera til að hrinda í framkvæmd upprunalegri tillögu Íslendinga og Finna. Tuomioja vildi að lögð yrði áhersla á það verkefni. Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og þingmaður Framsóknarflokks, tók undir orð Tuomioja og sagði að með breytingum á skipulagi funda Norðurlandaráðs og með tæknilegum lausnum, t.d. með því að nota fjartúlkun, mætti bæta þjónustu án þess að setja Norðurlandaráð á hliðina fjárhagslega.

Meðal annarra mála sem voru til umræðu á fundi forsætisnefndar voru breytingar á skipulagi verðlauna Norðurlandaráðs, stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum og formennskuáætlun Svía í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2018

Á fundinum var samþykkt skipan þingmanna Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í nefndir. Oddný Harðardóttir hélt sæti sínu í forsætisnefnd og Silja Dögg Gunnarsdóttir tók einnig sæti þar. Einnig var samþykkt að Oddný yrði áheyrnarfulltrúi og skýrslugjafi forsætisnefndar gagnvart þingmannaráðstefnunni um norðurskautsmál (SCPAR) og að Silja Dögg yrði í sama hlutverki gagnvart þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC). Steinunn Þóra Árnadóttir, Ólafur Ísleifsson og Anna Kolbrún Árnadóttir tóku sæti í velferðarnefnd Norðurlandaráðs. Anna Kolbrún kom þó ekki á fund velferðarnefndar í Stokkhólmi heldur sat í staðinn fund þekkingar- og menningarnefndar sem varamaður. Ólafur var einnig skipaður varaformaður eftirlitsnefndar. Vilhjálmur Árnason og Kolbeinn Óttarsson Proppé tóku sæti í sjálfbærnefnd.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.norden.org.